

## Fundargerð Aðalfundar 2008

**Aðalfundur Skýrslutækni félags Íslands**  
**haldinn á Grand Hótel**  
**5. febrúar 2008 kl. 15:00- 17:00**

Jóhann Gunnarsson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur.

1. **Skýrsla stjórnar fyrir árið 2007**  
Svana Helen Björnsdóttir, formaður Skýrslutækni félagsins, flutti skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma. [Sjá nánar.](#)
2. **Skýrslur nefnda og starfshópa**
  - a. Ritnefnd Tölvumála. Þorvarður Kári Ólafsson formaður ritnefndar sagði frá starfi ritnefndar á árinu. Sjá skýrslu ritnefndar.
  - b. UT-konur. Þóra Halldórsdóttir formaður ut-kvenna sagði frá starfi ut-kvenna á árinu og framtíðaráætlunum. Markmið eða þema starfs ut-kvenna þetta árið sem og það fyrra væri að kynna ungu fóki og þá helst ungum stúlkum upplýsingatækninámið. [Sjá nánar.](#)
  - c. Fókus. Ásta Thoroddsen varaformaður Fókus faghóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu flutti ársskýrslu Fókus 2007. Sjá ársskýrslu Fókus: [Sjá nánar.](#)
  - d. Öldungadeild. Oddur Benediktsson var fulltrúi öldungadeildar og flutti hans skýrslu hópsins. [Sjá nánar.](#)
  - e. Svavar Ingi Hermannsson formaður nýstofnaðs faghóps um öryggismál flutti skýrslu hans
  - f. Sæmundur E. Þorsteinsson formaður faghóps um fjarskiptahóps og fulltrúi Ský í fagráði um fjarskipti á vegum samgönguráðuneytisins sagði frá starfi hópsins: sjá skýrslu. [Sjá nánar.](#)
  - g. Orðanefnd var ekki með skýrslu þetta árið
3. **Reikningar félagsins fyrir árið 2007**  
Jóhann Kristjánsson gjaldkeri skýrði og lagði fram reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða.
2. **Lagabreytingar**  
Engar tillögur að lagabreytingum að svo stöddu.

**3. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2007**

Jóhann Kristjánsson lagði fram tillögu stjórnar að breyttum félagsgjöldum.

Lagt var til að félagsgjöld hækkuðu um 5%, en það gera:

kr. 21.500,- fyrir fyrsta mann, 10.700,- fyrir annan mann og einstaklinga, 5.400,- þar eftir. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

**4. Stjórnarkjör**

**Aðalstjórn**

**Á aðalfundi 2007 voru fjögur sæti laus í aðalstjórn**

Þessir aðilar voru kosnir samhljóða:

Jónína S. Lárusdóttir – var kosin til tveggja ára

Magnús Hafliðason – var kosinn til tveggja ára

Jón Heiðar Þorsteinsson – var kosinn til tveggja ára

Ásrún Matthíasdóttir – var kosin til eins árs

**Á aðalfundi 2008 verða þessi sæti laus til tveggja ára:**

Sæti Svönu Helenar Björnsdóttur

Sæti Jóhanns Kristjánssonar

Sæti Jónínu Lárusdóttur sem þurfti að fá sig lausa vegna breytinga á starfi.

En sæti Ásrúnar Matthíasdóttir til eins árs.

**Þessi gefa svo kost á sér í stjórn 2008**

Ragnheiður Magnúsdóttir til tveggja ára

Sigrún Gunnarsdóttir til tveggja ára

Bjarni Sigurðsson til eins árs (til þess að réttur fjöldi sæta verði laus á næsta ári)

Ásrún Matthíasdóttir gefur aftur kost á sér til eins árs.

Magnús Hafliðason gefur kost á sér til formennsku stjórnar Ský og er það til tveggja ára.

**Engin mótframboð bárust og er þetta fólk því sjálfkjörið.**

**Varastjórn**

Á aðalfundi 2007 voru Einar H. Reynis og Eggert Ólafsson kosnir varamenn til eins árs

Aðalfundur 2008 þarf því að kjósa tvo varamenn til eins árs.

Þessar tillögur að varamönnum eru lagðar fram:

Svana Helen Björnsdóttir

Jóhann Kristjánsson

**Engin mótframboð bárust og er þetta fólk því sjálfkjörið.**

Á næsta aðalfundi, 2009, verða þá þessi sæti laus til tveggja ára;

sæti Bjarna Sigurðssonar, Ásrúnar Matthíasdóttur og Jóns Heiðars Þorsteinssonar og

sæti varamanna verða laus til eins árs.

**5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga**

Sigurjón Pétursson og Jakob Sigurðsson gáfu aftur kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

**6. Nefndakjör**

Þorvarður Kári Ólafsson gaf kost á sér aftur sem ritstjóri Tövlumála og var einróma kjörinn.

Siðanefnd var sjálfkjörinn aftur en siðanefnd er kosin til eins árs

Stjórn félagsins skipar Orðanefnd og þess vegna var hún ekki í kosningu hér.

7. Önnur mál

Svana Helen veitti þeim Guðbjörgu Sigurðardóttir, Jóni Þór Þórhallssyni og Sigurjóni Péturssyni heiðurstilnefningu: sjá <http://www.sky.is/heioursfelagar.html>

Svana kvaddi þá Einar H. Reynis og Eggert Ólafsson

**25 sóttu fundinn.**

Rítarar voru Hólmsfríður Arnardóttir og Guðbjörg B.Karlsdóttir , starfsmenn félagsins.